

Mál nr. 156/2015
M og
vátryggingafélagið V v. greiðslukortatryggingar

Ferðarof. Ferð greidd að hluta með greiðslukorti; ágreiningur um hvort hlutfall greiðslu hafi náð helming ferðakostnaðar þ. 3.2.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.4.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-23
2. Bréf V dags. 6.5. 2015.

Málsatvik.

M fór þ.3.2.2015 til Tenerife á Spáni og hugðist dvelja þar til 2.3.2015. Strax við komuna til Tenerife varð M veik og í samráði við lækni tók M þá ákvörðun að fara heim fyrir en áætlað var eða þ.16.2.2015. M krefst bóta úr ferðarofstryggingu sinni hjá V og segist upphaflega hafa greitt fyrir flugfar kr. 58.478 með kreditkortinu, en gistingarkostnaður var greiddur sérstaklega. V hafnar bótaskyldu þar sem helmingur ferðakostnaðar hafi ekki verið greiddur með kreditkortinu og segir að heildarkostnaður M fyrir gistingu hafi verið 69.300 þar af hafi staðfestingargjald fyrir gistingu M sem greitt hafi verið fyrirfram numið kr. 17.325. V segir að gistingu verði að taka með þegar virt sé hvort að helmingur ferðakostnaðar hafi verið greiddur með kreditkortinu eða ekki og þá verði að taka heildargistikostnað þ.e. staðfestingargjald og eftirstöðvar.

Álit.

Áður en ferð hófst var ekki annar kostnaður fallinn til vegna ferðarinnar en flugfar sem er ágreiningslaust að hafi kostað kr. 58.478 og greitt var með Visa gullkortinu og staðfestingargjald vegna gistingar kr. 17.325.- Annar kostnaður hafði ekki fallið til þegar ferðin hófst. Heildarferðakostnaður í upphafi ferðar og greitt hafði verið fyrir nam því kr. 75.803.- Ljóst er að af þeirri fjárhæð hafði meira en helmingur verið greiddur með Visa gullkortinu. Ekki er unnt að taka til greina annan ferðakostnað enn þann sem greiddur er í upphafi ferðar, hvorki hugsanlegan eða líklegan við mat á því hvort helmingur ferðakostnaðar hafi verið greiddur með kreditkorti. M á því rétt á bótum úr ferðarofstryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ferðarofstryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 9.6. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.